

# Héraðsdómur Vesturlands



## D Ó M U R

25. febrúar 2026

Mál nr. S-204/2025

### Héraðssaksóknari

(*Sonja Símonardóttir saksóknarfulltrúi*)

**gegn**

**X**

(*Snorri Sturluson lögmaður, verjandi ákærða*)

**og Z**

(*Leó Daðason lögmaður, verjandi ákærða*)

---

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

## Dómur Héraðsdóms Vesturlands 25. febrúar 2026

### I. Málsmeðferð, ákæruskjal og dómkröfur aðila

1. Mál þetta er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 14. ágúst 2025 á hendur [X...], kt. ..., ..., ..., og [Z...], kt. ..., án tilgreinds heimilisfangs, ....

2. Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærðu

„fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa að kvöldi sunnudagsins ... 2023, utandyra fyrir aftan ... á ..., í félagi, veist með ofbeldi að [A...], kennitala ..., en ákærði [Z...] tók um háls [A...] að aftanverðu og henti honum í götuna og í kjölfarið veittust báðir ákærðu að [A...] með ítrekuðum spörkum í líkama hans og höfuð þar sem hann lá í götunni og ákærði [X...] sló hann með krepptum hnefa í andlitið, allt með þeim afleiðingum að [A...] hlaut blóðnasir, þre[i]fieymsli yfir nefi, verk í mjóbaki og rispu með byrjandi gróanda hægra megin við lendhrygg.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

3. Ákæruvaldið ítrekar kröfur samkvæmt ákæru og krefst fangelsisdóms en fellst á að skilyrði geti verið að refsing ákærðu verði skilorðsbundin. Ákærði [Z...] krefst þess aðallega að honum verði ekki gerð refsing og brot hans verði heimfært undir 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, til vara að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið, til þrautavara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin að öllu leyti. Ákærði [X...] krefst þess að brot hans verði heimfært undir 217. gr. almennra hegningarlaga og honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin að öllu leyti. Þá gera verjendur beggja ákærðu kröfu um málsvarnarlaun sér til handa sem greiðist úr ríkissjóði.

4. Aðalmeðferð málsins fór fram 30. janúar 2026 með skýrslutökum af ákærðu, brotþola og vitnum. Að loknum munnlegum málflutningi var málið dómtekið.

### II. Málsatvik

5. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að ... 2023 hafi brotþoli komið ásamt móður sinni á lögreglustöðina á Akranesi. Þar hafi brotþoli greint frá því að hann hafi orðið fyrir líkamsárás.

Atvikið hafi átt sér stað fyrir aftan ... á Akranesi. Brotapoli hefði verið staddur við ... með vitninu [B...] sem hefði mælt sér mót við hann þar. Þeir hefðu gengið bakvið ... þar sem þeir hefðu mætt ákærðu ásamt öðrum strákum. Þar hafi ákærðu ásamt tveimur öðrum strákum, sem brotapolí hafi ekki vitað deili á, ráðist á brotapola með höggum og spörkum. Brotapoli gaf skýrslu á lögreglustöð ... sama ár og lýsti atburðum þannig að hann hefði verið við ... með vitninu [B...] sem hefði beðið hann um að koma aðeins með sér. Þegar þeir hafi verið að ganga við hliðina á ... hafi þeir mætt nokkrum strákum. Einn þeirra, ákærði [Z...], hefði tekið um háls hans og kastað honum í jörðina, þá hefði einhver sparkað í bak hans nokkrum sinnum og [Z...] sparkað einu sinni í andlit hans. Brotapoli kvað [b...] hafa staðið hjá meðan ákærði [Z...] og hinir veittust að honum. Móðir brotapola hafi svo komið og fylgt honum á Heilbrigðisstofnun Vesturlands í áverkaskoðun.

6. Vitnið [B...] gaf skýrslu hjá lögreglu ... 2023. Þar greindi hann frá því að ákærði [X...] hefði beðið sig að hafa uppi á brotapola því [X...] og ákærði [Z...] töldu sig eiga eitthvað vantalað við hann. Vitnið kvaðst hafa fengið brotapola til að ganga með sér bakvið ..., sem er við hliðina á ..., og þar hafi þeir hitt fyrir ákærðu og vitnin [D...] og [H...]. Þarna hafi sömuleiðis verið vitnin [F...] og [E...]. Ákærði [Z...] hafi rætt við brotapola og svo *tæklað* hann niður og sparkað í hann einu til tveimur spörkum. Ákærði [X...] hafi einnig sparkað í hann liggjandi og veitt honum nokkur hnefahögg.

7. Í málinu liggur fyrir vottorð ... lækni, dagsett ... 2023. Þar kemur fram að brotapolí hafi leitað á heilsugæsluna á Akranesi ... 2023 vegna líkamsárásar sem hann kvaðst hafa orðið fyrir deginum áður. Hann hafi sagt svo frá að hann hafi fengið eitt spark í andlitið og nokkur spörk neðarlega í bakið. Hann hafi fengið blóðnasir í kjölfarið og sé með verk í nefi og mjóbaki. Við skoðun hafi brotapolí verið aumur við þreifingu yfir nefi, en ekki sjáanlegt mar og ekki að finna misfelli. Mögulega byrjandi mar á mjóbaki, mjög lítil litabreyting. Lítil rispa með gróanda hægra megin við lendhrygg. Ekki aumur við þreifingu yfir hryggjarsúlu eða meðfram hryggjarsúlu. Aðeins verkur í mjóbaki við að vinda upp á búk. Roði á framhandleggjum beggja vegna, mögulega einhvers konar bruni á húð, hugsanlega ótengt áverka.

### III. Skýrslur fyrir dómi

8. Ákærði [Z...] gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað. Greindi hann þannig frá málavöxtum að hann hefði talið sig eiga eitthvað vantalað við brotapola eftir að hafa séð að brotapolí hefði verið í samskiptum við þáverandi kærustu hans á samskiptaforritinu Snapchat. Ákærði hafi reynt að ræða við brotapola í síma en viðmót brotapola reitt hann til reiði. Brotapoli hefði svo lokað fyrir samskipti þeirra á milli í síma sínum. Ákærði hafi því haft samband við vini

brotapola til að reyna að ná tali af honum. Hann hafi svo hitt brotapolu um kvöldið, þá hafi brotapolu ætlað að hlaupa og ákærði sagt honum að hlaupa ekki. Svo hafi orðið einhver æsingur og ákærði tekið um háls brotapolu og ýtt honum í jörðina. Eftir það hafi vinur hans, sem hann vildi ekki nafngreina, kýlt brotapolu í nefið og sparkað í hann tvisvar þar sem hann lá í jörðinni. Aðspurður sagði hann spörkin hafa lent á baki brotapolu og eitt alveg við höfuð hans en samt ekki farið í höfuðið heldur aðeins strokist við hnakkann. Aðspurður sagðist hann ekki hafa sparkað í brotapolu þótt vitni segi annað, þau vitni hafi ekki verið þar sem átökin áttu sér stað heldur staðið í einhverri fjarlægð frá átökunum. Hvort það hafi verið rétt fyrir fram að veitast að brotapolu kvað ákærði það ekki hafa verið rétt, hann hefði bara ýtt brotapolu í jörðina og svo hefði vinur hans veitt brotapolu högg og spörk en það hefði komið honum sjálfum á óvart að frekari átök hefðu átt sér stað. Aðspurður sagði hann að brotapolu hefði ekki veitt þeim högg eða spörk. Ákærði var spurður hvers vegna hann hefði að eigin frumkvæði gefið skýrslu aftur hjá lögreglu. Sagði hann að sér hefði liðið illa og hann viljað segja satt og rétt frá.

9. Ákærði [X...] gaf skýrslu fyrir dómi. Greindi hann frá því að ákærði [Z...] hefði haft samband við sig og óskað eftir því að hann kæmi með honum að ræða við brotapolu, ef ske kynni að brotapolu myndi ráðast á [Z...]. Ákærðu og vitnið [B...] hafi fyrst hist á *gistiheimili* við ... og rætt saman. Þeir hafi svo farið bakvið ... þar sem ákærði [Z...] hafi sagt honum að hrinda brotapolu í jörðina. Ákærði hafi hrint honum í jörðina og svo stigið aftur á bak á meðan ákærði [Z...] hafi lamið, sparkað og hrækt á brotapolu. Ákærðu hafi svo farið, ásamt vitnunum [D...] og [B...], aftur að *gistiheimilinu*, þangað sem brotapolu hefði farið, því ákærði [Z...] hefði viljað stríða brotapolu. Þeir hafi því bankað á gluggann hjá brotapolu og séð að hann var með miklar blóðnasir og þeir gert grín að honum. Að svo búnu hafi þeir farið heim til ákærða [Z...]. Spurður frekar út í það að hann hefði hrint brotapolu í jörðina sagði ákærði að hann hefði ekki viljað gera neitt þarna, hann hefði bara verið þarna að passa að ekkert kæmi fyrir ákærða [Z...]. Aðspurður hvers vegna hann hefði hrint brotapolu í jörðina og hvað hefði gerst á undan svaraði ákærði því til að þeir hefðu verið að ræða saman um að brotapolu hefði verið í einhverjum samskiptum við kærustu ákærða [Z...]. Ákærði hefði hrint honum í jörðina því [Z...] hefði beðið hann um það. Þá svaraði hann því til að brotapolu hefði byrjað að blæða eftir að ákærði [Z...] kýldi hann í andlitið. Hann kvaðst þó ekki hafa tekið eftir því að [Z...] hefði slegið brotapolu í nefið, sjálfur hafi hann verið að ræða við vitnið [B...]. Aðspurður hvar spörk ákærða [Z...] hefðu lent svaraði ákærði [X...] því til að hann hefði sparkað nokkrum sinnum í bakið á brotapolu og einu sinni í löppina. Hann hefði ekki séð neitt spark í hnakkann. Spurður út í það hverjir hefðu verið þarna sagði ákærði að vitnin [B...] og [D...] hefðu staðið til hliðar og svo hefðu verið einhverjar stelpur þarna, hann hafi hins vegar ekki séð þær.

10. Aðspurður hvort hann hafi slegið brotaþola með krepptum hnefa í andlitið neitaði ákærði að hafa gert það. Þá neitaði hann því að hafa sparkað í brotaþola en gengst við því að hafa veist að honum. Spurður um það hvort það hafi legið fyrir að þeir hafi ætlað að veitast að brotaþola þegar þeir myndu hitta hann neitaði ákærði fyrir það og sagði að ákærði [Z...] hefði bara viljað ræða við hann. [Z...] hafi svo fundist sér ógnað af brotaþola og beðið ákærða [X...] að hrinda brotaþola, eftir það hefði hann sem fyrr segir stigið til hliðar.

11. Aðspurður um þá fullyrðingu hans við skýrslutöku hjá lögreglu að ákærði [Z...] hefði sparkað tvisvar í brotaþola, einu sinni í höndina ofarlega og einu sinni í höfuðið, sagðist ákærði ekki muna þetta alveg. Hann muni eftir því að [Z...] hafi sparkað *hátt á bakið á honum*. Þá sagði hann að ákærði [Z...] hefði beðið hann að segja að hann hefði verið með honum svo [Z...] *myndi koma sér í minna vesen*. Spurður út í það hvort það geti passað að ákærði [Z...] hafi sparkað í höfuð brotaþola, líkt og brotaþoli haldi fram, sagði ákærði að það gæti alveg passað, það sé *stór möguleiki* á því, hann muni þetta þó ekki alveg. Spurður út í þá fullyrðingu vitna að hann hafi sparkað í hnakkann á brotaþola neitaði ákærði fyrir það. Um það hvers vegna vitnin haldi því fram sagði ákærði að það væri vegna vina og fjölskyldutengsla vitnanna við ákærða [Z...]. Þau væru að tryggja að [Z...] myndi ekki lenda í veseni og séu að segja ósatt.

12. Ákærði var spurður út í framburð sinn hjá lögreglu þess efnis að þegar [B...] hafi komið með brotaþola hafi [Z...] gengið að honum, tekið hann upp og grýtt honum í jörðina sagði ákærði að atburðarásin hefði ekki verið þannig. Brotaþoli og ákærði [Z...] hafi verið að ræða saman og [Z...] hafi svo kallað í hann og beðið hann að hrinda brotaþola í jörðina því hann hafi verið að ógna sér, hann hafi bara gert eins og honum var sagt. Hjá lögreglu hafi hann sagt aðra sögu því hann hafi viljað vera til staðar fyrir vin sinn og taka á sig hluta af sökinni. Aðspurður játaði hann því að þeir áverkar sem brotaþoli hlaut við árásina hefðu annað hvort verið af völdum hans eða [Z...], enginn annar hefði veist að brotaþola.

13. Brotaþoli [A...] gaf skýrslu fyrir dómi. Greindi hann frá því að hann hefði verið staddur í Reykjavík þegar [B...] hafði samband við hann og bað hann að hitta sig uppi á Akranesi. Brotaþoli hafi farið og hitt [B...] en með honum í för hafi verið vitnin [E...] og [F...]. Þau hafi gengið bakvið ... þar sem þau hittu ákærðu fyrir. [Z...] hafi sagt við hann *ekki reyna að hlaupa, við munum ná þér*. Kvaðst brotaþoli hafa orðið svo stressaður þá að hann fraus. [Z...] hafi svo tekið um háls hans, lyft honum upp og hent honum í jörðina á milli ákærðu. Þeir hafi svo byrjað að sparka í hann þar sem hann lá í jörðinni og síðasta sparkið sem hann muni eftir hafi verið í andlit hans, en aðspurður sagðist hann halda að [Z...] hafi veitt honum það spark. Hann hafi þó séð mjög lítið og verið hræddur en taldi að hinn árásarmaðurinn hefði verið með sítt hár á þessum tíma. Spurður

frekar út í árásina sagði brotaþoli að þeir hefðu verið tveir hvor sínum megin við hann og báðir hafi sparkað. Hann hafi fengið spörk í bakið, magann og andlitið.

14. Spurður hvort árásin hefði haft einhverjar afleiðingar fyrir hann sagði brotaþoli að hann hefði misst sjálfstraustið og hætt að treysta fólki, en það hafi tekið tíma að byrja að treysta fólki aftur. Þá hafi hann þurft að leita til sálfræðings.

15. Vitnið [G...], móðir brotaþola, gaf skýrslu fyrir dómi. Lýsti hún því að hún og brotaþoli hefðu verið stödd í Reykjavík en brotaþoli hafi ætlað að fara upp á Akranes um kvöldið. Hann hafi svo skyndilega ákveðið að fara fyrr upp á Akranes með rútunni því strákur sem var með honum í skóla hafði haft samband og beðið hann að hitta sig. Hún hafi svo fengið símtal frá brotaþola þar sem hann greinir frá því að hann hafi orðið fyrir árás. Hún hafi í framhaldinu farið upp á Akranes og hitt hann. Daginn eftir hafi þau talað við skólann og lögregluna og fengið áverkavottorð. Um afleiðingar árásarinnar sagði vitnið að þær hefðu verið miklar. Brotaþoli hefði hætt í skólanum á Akranesi, upplifað ofboðslegan kvíða og félagslega *brotnaði hann algjörlega*. Hann hafi alltaf verið hress og opinn strákur sem hafi átt auðvelt með að kynnast öðrum og átt auðvelt með að tala við alla. Eftir þetta atvik hafi það allt *farið*. Hann hafi einangrast og átt mjög erfitt með að kynnast öðrum og treysta fólki. Þá hafi hann ekki mikla trú á sjálfum sér.

16. Vitnið [E...] gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti atvikum þannig að hún hefði mætt heim til vitnisins [B...] um kvöldmatarleytið. Þar hafi verið ákærðu, [B...], [F...], [H...] og [D...] ásamt fleiri krökkum. Þarna hefði verið uppi umræða um að veitast að brotaþola. [B...] hefði verið í samskiptum við brotaþola og fengið hann á fölskum forsendum til að hitta sig við .... Þegar þangað var komið hafi [B...] gengið með brotaþola fyrir aftan ... þar sem ákærðu og [D...] hafi byrjað að ýta í brotaþola, hrinda honum niður og *berja hann*, ákærðu hafi þó mest haft sig í frammi, [D...] hefði ekki gert mikið en þó eitthvað. Þá hafi ákærði [X...] líka verið með eitthvert áhald sem hann barði brotaþola með sem vitnið mundi ekki hvað var. Aðspurð um það hver hefði tekið brotaþola niður hélt vitnið að það hefði verið ákærði [Z...] en þetta hefði allt gerst mjög hratt. Þá kvaðst hún halda að báðir ákærðu hefðu sparkað í brotaþola. Um það hvar þeir hefðu sparkað sagði vitnið að það hefði verið í magann, hliðina og *eiginlega bara alls staðar*. Hún hafi svo séð að brotaþoli var blóðugur í framan. Eftir þetta hafi brotaþoli farið á ... og ákærðu elt hann þangað til að gera frekara at í honum. Hún og vitnið [F...] hafi svo í framhaldinu farið á lögreglustöðina og gefið skýrslu um atvikið.

17. Vitnið [F...] gaf skýrslu fyrir dómi. Greindi hún frá því að aðdragandann að árásinni megi rekja til sögusagna þess efnis að brotaþoli hafi verið í samskiptum við þáverandi kærustu ákærða

[Z...]. Vitnið hafi fyrir um kvöldið hitt ákærðu, [B...] og [D...]. Þeir hafi rætt sín á milli að þeir ætluðu að veitast að brotþola því þeir teldu sig eiga eitthvað sökótt við hann. [B...] hefði verið í samskiptum við hann og fengið hann til að hitta sig hjá .... Þegar brotþoli hafi komið þangað hafi [B...] gengið með brotþola bakvið ..., sem sé við hliðina á .... Sjálf hafi vitnið ekki farið bakvið ... heldur staðið við aðalinnganginn, ásamt vitninu [E...] og [H...] en þar sem þau hafi staðið sé gler sem gerði þeim kleift að sjá í gegnum ... á bakvið húsið. Að svo búnu hafi ákærðu komið úr gagnstæðri átt og veist að brotþola. Hún hafi snúið sér undan en heyrt öskur og litið í áttina þar sem átökin áttu sér stað og séð hvar brotþoli lá í jörðinni og [X...] sparkaði í hann, að því er virtist nálægt höfði hans. Aðspurð frekar út í hvar [X...] hefði sparkað í brotþola sagðist vitnið ekki alveg muna það en kvað að [B...] hefði haft eftir ákærða [X...] að hann hefði sagst hafa miðað á höfuð brotþola. Eftir þetta hefði ákærðu elt brotþola á ... og bankað á gluggann á herberginu hans.

18. Vitnið [H...] gaf skýrslu fyrir dómi og var hann beðinn að lýsa atvikum. Kvaðst hann lítið muna eftir því hvað hefði gerst. Hann var þó nokkuð viss að það hefðu verið ákærðu sem hefðu veist að brotþola. Þá kvaðst hann ekki muna hvor ákærðu hefðu kastað brotþola í jörðina. Um aðdragandann sagði vitnið að til hefði staðið að ræða við brotþola vegna samskipta hans við kærustu annars ákærðu. Fyrir um kvöldið hefðu ákærðu ruðst inn heima hjá vitninu því þeir töldu að hann væri sá sem þeir ættu eitthvað vantalað við. Grundvallast það á því að þeir eru nafnar. Það hafi því verið ákveðið að hafa uppi á réttum manni og ákærðu sagst ætla að ræða við hann. Framburður vitnisins í skýrslutöku hjá lögreglu þess efnis að ákærði [X...] hefði sparkað í bak og hnakka brotþola þar sem hann lá í jörðinni var borinn undir vitnið og hann spurður hvort þetta rifjaðist eitthvað upp fyrir honum. Kvað vitnið að þetta rifjaðist upp fyrir honum og spurður hvort hann hefði verið að segja satt í skýrslutöku hjá lögreglu játaði hann því. Sömuleiðis var hann spurður út í þá fullyrðingu sína hjá lögreglu að ákærði [X...] hefði kýlt brotþola beint framan á nefið og hvort hann rámaði eitthvað í að hafa sagt það, kvaðst vitnið ráma í að hafa sagt það og taldi sig hafa munað þetta betur á þeim tíma. Þá var einnig borinn undir vitnið framburður hans þess efnis að ákærði [Z...] hefði tekið brotþola niður í jörðina. Kvað hann það geta hafa verið þannig. Ákærði kvaðst ekki muna til þess að hafa sagt í skýrslutöku að [X...] hefði átt öll spörkin í brotþola og aðspurður kvaðst vitnið ekki geta fullyrt neitt um það.

19. Vitnið [D...] kom fyrir dóminn og gaf skýrslu og lýsti atvikum. Það sem vitnið kvaðst muna er að þeir hafi farið bakvið ... og þegar þangað hafi verið komið hafi [Z...] tekið brotþola og hent honum í jörðina og [X...] hafi svo sparkað í hann *út um allt* þar sem hann lá. Spurður út í framburð sinn hjá lögreglu þess efnis að [X...] hefði tekið í peysuna á brotþola og kýlt hann í nefið og veitt honum fjögur til fimm spörk í bak og einu sinni í hnakka sagði vitnið að það hefði örugglega

verið það sem gerðist, hann hafi frekar munað atvikin í skýrslutökunni en núna. Spurður hvort hann hafi sagt satt og rétt frá í skýrslutökunni sagði vitnið að í skýrslutökunni hefði hann sagt allt sem hann var fullviss um að væri rétt munað hjá sér. Inntur eftir því hvort það sé rétt haft eftir honum í skýrslutöku að [Z...] hafi tekið brotaþola niður staðfesti vitnið það.

20. Vitnið [B...] gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst vitnið lítið muna eftir atburðum vegna þess hve langt væri um liðið. Vitnið kvaðst þó muna eftir því að þau hafi verið fyrir aftan ... eða ..., svo hafi ákærðu veist að brotaþola og sparkað í hann. Aðspurður taldi vitnið að báðir ákærðu hefðu sparkað í brotaþola en kvaðst ekki vera alveg viss. Þá mundi vitnið ekki eftir því hvort brotaþoli hefði verið kýldur. Spurður út í framburð sinn hjá lögreglu þess efnis að [Z...] hefði tekið brotaþola niður og [X...] hefði veitt brotaþola einhver högg svaraði vitnið að það gæti alveg passað. Spurður hvort hann teldi að hann hefði munað atvik betur þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu svaraði vitnið því játandi. Aðspurður sagðist vitnið ekki hafa séð hvort sparkað hefði verið í höfuð brotaþola. Spurður út í aðdragandann að árásinni sagði vitnið að hann minnti að ákærði [Z...] hefði eitthvað viljað ræða við brotaþola í sambandi við þáverandi kærustu [Z...]. Spurður um tengsl sín við ákærðu sagði vitnið að þeir hafi verið saman í skóla og hann og ákærði [X...] frá því í 1. bekk. Þeir séu hins vegar ekki í miklum samskiptum.

21. Vitnið lögreglumaður nr. 1216 gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti að hún hefði tekið skýrslur af flestum sem tengdust málinu.

22. Vitnið lögreglumaður nr. N2452, áður H1728, gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundar-  
búnað og staðfesti að hann hefði ritað frumskýrslu um málið.

23. Vitnið ... læknir, læknanúmer 2483, gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað. Rakti hún vottorð sitt í málinu og taldi aðspurð að áverkar brotaþola gætu samrýmst lýsingum hans á atvikum. Spurð hvort hún gæti metið út frá áverkum brotaþola hvort honum hefðu verið veitt þung högg kvaðst vitnið ekki geta metið það.

#### **IV. Niðurstaða**

24. Ákærðu er gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás með því að hafa, í félagi, veist með ofbeldi að brotaþola en ákærða [Z...] er gefið að sök að hafa tekið um háls brotaþola að aftanverðu og hent honum í götuna og í kjölfarið hafi báðir ákærðu veist að brotaþola með ítrekuðum spörkum í líkama hans og höfuð þar sem hann lá í götunni. Ákærða [X...] er sömuleiðis gefið að sök að hafa slegið brotaþola með krepptum hnefa í andlitið, allt með þeim afleiðingum sem greinir í ákæru.

25. Að virtum framburði fyrir dómi telur dómurinn sannað að ákærðu hafi sameiginlega veist að brotþola umrætt sinn. Vafalaust er að atlagan var með þeim hætti að tekið var um háls brotþola og hann keyrður niður í jörðina þar sem sparkað var í hann liggjandi og varnarlausan.

26. Ákærði [Z...] hefur fyrir dómi játað greiðlega að hafa tekið utan um háls brotþola og fleygt honum niður í jörðina. Hins vegar hafi það verið vinur hans sem hann vilji ekki nafngreina sem hafi einn sparkað í brotþola og veitt honum högg í andlit, en þar er að mati dómsins vafalaust um að ræða meðákærða [X...], þar sem engum öðrum er til að dreifa. Ákærði [X...] kveðst hins vegar hafa verið sá sem hafi samkvæmt fyrirmælum meðákærða hrint brotþola niður í jörðina þar sem ákærði [Z...] hafi veitt brotþola högg í andlit og sparkað í hann og hrækt á hann. Í þessum efnum breytti ákærði þannig framburði sínum frá því sem hann bar fyrir lögreglu þegar hann kvað [Z...] hafa tekið brotþola upp og *grýtt honum* í jörðina. Dómurinn telur verulegar líkur fyrir því í ljósi annars framburðar fyrir dómi að annar hvor en þó líklega báðir segi ósatt. Mikill ólíkindablær er á því að báðir greini frá atvikum þannig að hlutur hvors í atlögunni hafi verið að öllu leyti öfugur, sbr. framangreint. Framburður þeirra sem og önnur gögn málsins staðfesta hins vegar með óyggjandi hætti að þeir stóðu í sameiningu að þeirri líkamsárás sem ákært er fyrir og því stendur einungis eftir að ákvarða hlut hvors um sig eins og hægt er.

27. Vitnið [E...] telur að líklega hafi það verið ákærði [Z...] sem hafi snúið brotþola niður, en báðir hafi svo sparkað í brotþola liggjandi sbr. og framburð brotþola. Þótt vitnið [H...] hafi ekki verið jafn afdráttarlaus í frásögn af atvikum nú, tveimur árum og fjórum mánuðum síðar, staðfesti hann að framburður hans fyrir lögreglu væri nákvæmari enda nær atvikum í tíma, en þar kvað hann ákærða [Z...] hafa snúið brotþola niður en ákærða [X...] hafa veitt brotþola högg í andlit og sparkað í brotþola. Vitnið [D...] kvað ákærða [Z...] hafa tekið brotþola og hent honum í jörðina og [X...] svo sparkað í hann *út um allt* þar sem hann lá. Vitnið [B...] staðfesti að báðir ákærðu hefðu veist að brotþola og báðir hefðu sparkað í hann. Þá staðfesti hann þann framburð í lögregluskýrslu að líklega hefði það verið [Z...] sem tók brotþola niður og [X...] hefði veitt brotþola högg. Vitnið [F...] sneri að mestu baki í vettvang brotsins þegar það átti sér stað, en sá þó hvar ákærði [X...] sparkaði í brotþola.

28. Að virtum gögnum málsins og framburði ákærðu og vitna fyrir dóminum telur dómurinn hægt að slá því föstu að það hafi verið ákærði [Z...] sem hratt brotþola af afli í jörðina með því að taka um háls brotþola eins og ákærði sjálfur lýsti. Eftir það hafi báðir ákærðu sparkað í brotþola liggjandi og bjargarlausan. Þar sýnist ákærði [X...] hafa haft sig meira í frammi að

virtum framangreindum framburði og jafnframt veitt í atlögunni brotaþola hnefahögg í andlit, sbr. framburð ákærða [Z...] um atlöguna og framburð [H...] og [D...].

29. Dómurinn telur því með vísan til framangreinds að fram sé komin sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008, fyrir því að atvik hafi orðið með þeim hætti sem í ákæru greinir og er brotið að mati dómsins með réttu heimfært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga enda um samverknað tveggja að ræða og atlagan slík að líkamlegar afleiðingar hennar hefðu getað orðið mun verri en virðist raunin, en svo virðist sem ákærðu hafi látið sér afleiðingar af háttsemi sinni í léttu rúmi liggja. Af framburði fyrir dómi má og ætla að andlegar afleiðingar hafi orðið sýnu alvarlegri fyrir brotaþola en horft verður til þess við heimfærslu til refsíákvæðis sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 229/2011.

### **V. Ákvörðun refsingar og sakarkostnaður**

30. Báðir ákærðu eru með hreint sakavottorð utan þess að ákærði [X...] var gerð sekt 2024 fyrir brot gegn umferðarlögum auk þess að sæta ökuleyfissviptingu. Þá verður litið til þess að báðir ákærðu voru ungir að árum þegar þeir frömdu brotið, ákærði [X...] að verða sextán ára og ákærði [Z...] á sautjándra ári. Horfir þetta til refsilækkunar. Á hinn bóginn verður af framburði fyrir dómi ráðið að atlagan að brotaþola hafi verið fyrirfram skipulögð og villt um fyrir brotaþola til að koma honum í þær aðstæður sem leiddu til barsmíðanna. Þá stóðu ákærðu saman að árásinni og ljóst að brotaþoli átti við algjört ofurefli að etja miðað við líkamsburði og átti sér enga undankomu. Brotaþoli fékk sannanlega hnefahögg í andlit og ítrekuð spörk í líkama m.a. nærri höfði sbr. framburð fyrir dómi. Sú málsvörn að ekki hafi staðið til að beita ofbeldi í umrætt sinn heldur einungis ræða við brotaþola er að mati dómsins ótrúverðug enda kom ekkert fram fyrir dómi um að eitthvað sérstakt á verknaðarstundu hafi orðið til þess að ákærðu réðust að brotaþola. Dómurinn telur brot ákærðu vítavert og verknaðaraðferðina sérstaklega hættulega þar sem ekkert bendir til annars en að þeir hafi látið sér afleiðingar af verknaði sínum í léttu rúmi liggja, sbr. framangreint. Árásin var með öllu tilefnislaus, hrottafengin og unnin í sameiningu af ákærðu. Að öðru leyti en að framan greinir verður þáttur hvors um sig ekki nákvæmlega aðgreindur en ljóst að báðir áttu sinn þátt í brotinu og teljast því báðir aðalmenn, sbr. til hliðsjónar t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 297/2014 og þykir dómnum ekki ástæða til að skilja á milli þáttar hvors um sig við ákvörðun refsingar þótt sannað þykir að ákærði [X...] hafi veitt brotaþola hnefahögg í andlit. Verður báðum ákærðu með vísan til framangreinds sbr. og 1., 3., 4., 6., og 7. tl. 1. mgr. sem og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, gert að sæta fangelsi í sex mánuði en dómurinn sér eins og málið er vaxið ekki tilefni til að ætla að sjónarmið sem birtast í 2 tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga hafi þýðingu hér. Með vísan til ungs aldurs ákærðu á verknaðarstundu, sakaferils og þess hversu langur tími er liðinn frá brotinu án skýringa verður refsingin bundin

skilorði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

31. Í ljósi úrslita málsins verður allur sakarkostnaður lagður á ákærðu í málinu, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008, en kostnaður utan málsvarnarlauna nam 15.216 kr. vegna læknisvottorðs. Málsvarnarlaun verjanda eru ákveðin með hliðsjón af leiðbeinandi reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2026, og umfangi málsins sem og framlagðri tímaskýrslu verjanda ákærða [Z...] sem einnig tekur til starfa verjandans á rannsóknarstigi málsins. Málsvarnarlaun verjanda [Z...] verða ákveðin 1.086.705 kr. og málsvarnarlaun verjanda [X...] 927.675 kr. en í báðum tilvikum er meðtalinn virðisaukaskattur. Jafnframt verður ákærðu gert að greiða ferðakostnað verjanda sinna, sbr. reglur nr. 1/2023 um akstursgjald ríkisstarfsmanna og framlögð gögn, sbr. nánar í dómsorði.

32. Fyrir hönd ákæruvaldsins flutti málið Sonja Símonardóttir saksóknarfulltrúi.

33. Málið dæmir Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

## D Ó M S O R Ð

Ákærði [X...] sæti fangelsi í sex mánuði en refsing skal niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði [Z...] sæti fangelsi í sex mánuði en refsing skal niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærðu greiði óskipt sakarkostnað málsins, 15.216 kr.

Ákærði [X...] greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, 927.675 kr., auk aksturskostnaðar verjandans að fjárhæð 20.736 kr.

Ákærði [Z...] greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Leós Daðasonar lögmanns, 1.086.705 kr., auk aksturskostnaðar verjandans að fjárhæð 48.240 kr.

Lárentsínus Kristjánsson